

Fimmtudaginn 26. janúar 1989.

Nr. 7/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Agnari Víði Bragasyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Skjalafals. Fjársvik. Þjófnaður. Ákæra. Skaðabætur. Vextir. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar.

Tékka þann, sem um ræðir í I. kafla ákæru 3. lið 2, undirritaði ákærði með nafninu Arnar Bjarnason en ekki Agnar Bjarnason, svo sem í ákæru greinir, og tékka sem um ræðir í III. kafla ákæru 4. og 5. lið undirritaði ákærði með nöfnunum Gunnar Jónsson og Gunnar Jónasson en ekki með nafninu Ásgeir Ebenezer, svo sem í ákæru greinir. Málflytjendur hafa tjáð sig um þessi atriði við flutning málsins fyrir Hæstarétti, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og þykir mega dæma áfall á hendur ákærða þrátt fyrir þennan ágalla. Með þessari athugasemd ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara að ákærði hafi framið brot þau sem honum eru gefin að sök og brotið gegn þeim refsiskvæðum sem í ákæru greinir.

Í forsendum héraðsdóms var ákærði dæmdur til að greiða allar skaðabótakröfur sem varða I. kafla ákæru, þar á meðal kröfur Tryggingar hf. og Miklagarðs sf. Í dómsorði er þessara aðila hins vegar að engu getið. Í áfrýjunarstefnu er af hálfu ákærvalds aðeins áfrýjað „til refsipyngingar“. Að svo vöxnu máli koma kröfur ofangreindra aðila ekki til álita hér fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 166. gr. laga nr. 74/1974. Héraðsdómari vísaði framkomnum skaðabótakröfum vegna II. og III. kafla ákæru frá dómi, og eru þær því eigi til endurskoðunar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974. Í

dómsorði héraðsdóms er ákærði dæmdur til greiðslu skaðabóta „ásamt dómvöxtum og almennum vöxtum frá 29. desember 1986 til greiðsludags“ án þess að vaxtafótur sé nánar tilgreindur eða vísað sé til vaxtalaga nr. 25/1987. Þessi úrlausn héraðsdómara er óskýr. Svo sem mál þetta er lagt fyrir verður ekki hjá því komist að ómerkja vaxtaákvæði héraðsdóms og vísa vaxtakröfunum frá héraðsdómi. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um skaðabætur, sem fram koma í dómsorði hins áfrýjaða dóms.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 78. gr. sömu laga, og þykir hún hæfilega ákveðin í héraðsdómi, 8 mánaða fangelsi. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 17:00 30. desember 1986 til jafnlengdar 3. febrúar 1987.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Agnar Víðir Bragason, sæti fangelsi í 8 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 17:00 30. desember 1986 til jafnlengdar 3. febrúar 1987.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur:

Söluturninum, Njálsgötu 23, 2.000,00 krónur, Söluturninum, Hverfisgötu 74, 1.000,00 krónur, Flugleiðum hf. 4.950,00 krónur, Hótel Borg 5.018,00 krónur, Olíufélaginu hf. 3.000,00 krónur, Versluninni Herjólfu 2.000,00 krónur, Gauki á Stöng 3.000,00 krónur og Hagkaupum 3.000,00 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. desember 1987.

I.

Ár 1987, föstudaginn 4. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 696/1987: Ákærvaldið gegn Agnari Víði Bragasyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er upphaflega höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. ágúst 1987, á hendur ákærða, Agnari Víði Bragasyni, til lögheimilis í Hábergi 3 í Reykjavík, fæddum 16. september 1966, og þeim X og Y fyrir brot gegn almennum hegningarlögum í desember 1986. Síðar kom í ljós, að ákærði sat í fangelsi í Lúxemborg fyrir innbrotsþjófnað og heimil-aði ríkissaksóknai þá með bréfi 19. október 1987, að málið yrði rekið sjálf-stætt á hendur „hverjum hinna ákærðu fyrir sig“ og á grundvelli hins upphaflega ákæruskjals og tveggja staðfesta samrita þess.

Að því er varðar ákærða Agnar Víði eru sakargiftir þessar:

„I. Ákærða Agnari Víði er einum gefið að sök:

1.

Að hafa í síðari hluta desember brotist inn í prenstmiðjuna Ísafold, Þingholtsstræti 5, Reykjavík, og stolið þar 3.500,00 krónum.

2.

Aðfaranótt þriðjudagsins 23. desember brotist inn í íbúðarhúsið að Laufásvegi 74, Reykjavík, og stolið þar 700 þýskum mörkum, öðrum erlendum gjaldeyri að verðmæti um 3.000,00 ísl. krónur, kveikjara, úri og þremur tékkheftum, einu frá Iðnaðarbanka Íslands, aðalbanka, og tveimur á alreikning nr. 102887 í Háaleitisútibúi Iðnaðarbanka Íslands.

Telst háttsemi ákærða í liðum 1 og 2 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

3.

Tékkafals og tékkasvik með því að nota í viðskiptum í Reykjavík, svo sem rakið er, eftirgreinda tékka sem hann ýmist falsaði eða gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr tékkheftunum frá Iðnaðarbanka Íslands, sem hann hafði komist yfir í innbrotinu samkvæmt síðasta ákærulið, en tékkana ritaði ákærði alla á eyðublöð frá aðalbanka Iðnaðarbankans nema þann síðasttalda:

1) Tékki nr. 2454186, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 26.12. 1986, gefinn út af ákærða og seldur í söluturninum að Njálsgötu 23.

2) Tékki nr. 2454184, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 26.12. 1987,

með útgefandanafnrituninni Agnar Bjarnason. Seldur í söluturninum að Hverfisgötu 74.

3) Tékki nr. 2454181, að fjárhæð kr. 1.200,00, dagsettur 25.12. 1986, gefinn út af ákærða, sem seldi tékkann á matstofu á Hótel Loftleiðum.

4) Tékki nr. 2454179, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 25.12. 1986, með útgefandanafnrituninni Arnar Jónsson. Ákærði seldi tékkann á Hótel Borg.

5) Tékki nr. 2454180, að fjárhæð kr. 2.018,00, dagsettur 25.12. 1986, með útgefandanafnrituninni Arnar Jónsson. Sama notkun.

6) Tékki nr. 2454196, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 28.12. 1986. Ákærði gaf tékkann út í eigin nafni og seldi hann á einni af bensínafgreiðslum Olíufélagsins hf.

7) Tékki nr. 2454189, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 26.12. 1986, gefinn út af ákærða. Seldur í versluninni Herjólf, Skipholti 70.

8) Tékki nr. 2454194, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 27.12. 1986, gefinn út af ákærða. Seldur í versluninni Miklagarði.

9) Tékki nr. 2454199, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 28.12. 1986, gefinn út af ákærða, sem seldi hann í veitingahúsinu Gauki á Stöng.

10) Tékki nr. 2454195, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 27.12. 1986, gefinn út af ákærða, sem seldi hann í verslun Hagkaupa, Skeifunni 15.

11) Tékki nr. 114 á alreikning nr. 102887 í Háaleitisútibúi Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 3.750,00, dagsettur 27.12. 1986, með útgefandanafnrituninni Ásgeir Ebeneserson. Seldur á einni af afgreiðslum Flugleiða á Reykjavíkflugvelli.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna nema sala á tékkum í 2., 4., 5. og 11. lið, sem telst varða við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

II.

Ákærðu Agnari Víði og Y er báðum gefið að sök tékkafals með því að nota í viðskiptum eftirgreinda tékka sem ákærði Agnar Víðir gaf út til handhafa og falsaði með útgefandanafnrituninni Ásgeir Ebeneserson á eyðublöð úr tékkheftunum frá Háaleitisútibúi Iðnaðarbankans. Tékkarnir eru allir, nema sá fyrsttaldi, framseldir af ákærða Y:

1) Tékki nr. 93, að fjárhæð kr. 14.200,00, dagsettur 23.12. 1986. Ákærði Agnar Víðir framvísaði tékkanum í söluskyni í Háaleitisútibúi Iðnaðarbankans, Háaleitisbraut 58 - 60, Reykjavík, á meðan meðákærði Y beið álangdar.

2) Tékki nr. 90, að fjárhæð kr. 14.200,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í aðalbanka Iðnaðarbankans.

3) Tékki nr. 108, að fjárhæð kr. 4.100,00, dagsettur 22.12. 1986. Seldur í afgreiðslu Flugleiða á Akureyri.

4) Tékki nr. 106, að fjárhæð kr. 9.600,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í versluninni Parinu, Brekkugötu 3, Akureyri.

5) Tékki nr. 103, að fjárhæð kr. 9.300,00, dagsettur 22.12. 1986. Seldur í versluninni Amaro, Hafnarstræti 99-101, Akureyri.

6) Tékki nr. 102, að fjárhæð kr. 9.200,00, dagsettur 21.12. 1986. Seldur á gullsmíðastofunni Skarti, Hafnarstræti 94, Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlagna.

III.

Ákærðu Agnari Viði og X er báðum gefið að sök tékkafals með því að nota í viðskiptum í Reykjavík eftirgreinda tékka sem ákærði Agnar Viðir falsaði með útgefandanafnrituninni Ásgeir Ebenezeron á eyðublöð úr ofangreindum tékkheftum. Ákærði X framseldi alla tékkana, sem eru á eyðublöðum frá Háaleitisútibúi Iðnaðarbankans, nema annað sé tekið fram, ýmist í eigin nafni eða með fölsuðum nafnritunum:

1) Tékki nr. 87, að fjárhæð kr. 12.300,00, dagsettur 28.12. 1986. Seldur í Laugarnesútibúi Iðnaðarbankans í Reykjavík.

2) Tékki nr. 2454173 frá aðalbanka Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 5.300,00, dagsettur 24.12. 1986. Seldur á einni af bensínafgreiðslum Olíufélagsins hf. í Reykjavík.

3) Tékki nr. 2454174 frá aðalbanka Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 6.900,00, dagsettur 24.12. 1986. Seldur á Hótel Loftleiðum í Reykjavík.

4) Tékki nr. 2454198 frá aðalbanka Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 5.900,00, dagsettur 28.12. 1986. Seldur á bensínafgreiðslu Olís í Garða-kaupstað.

5) Tékki nr. 2454197 frá aðalbanka Iðnaðarbankans, að fjárhæð kr. 6.100,00, dagsettur 28.12. 1986. Seldur í afgreiðslu Nestis hf. í Fossvogi.

6) Tékki nr. 83, að fjárhæð kr. 12.300,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í versluninni Fjarðarkaupum, Trönuhrauni 8, Hafnarfirði.

7) Tékki nr. 117, að fjárhæð kr. 4.000,00, dagsettur 28.12. 1986. Seldur í Blómahöllinni, Hamraborg 3, Kópavogi.

8) Tékki nr. 112, að fjárhæð kr. 6.000,00, dagsettur 27.12. 1986. Seldur í blómabúðinni Dögg, Álfheimum 6, Reykjavík.

9) Tékki nr. 118, að fjárhæð kr. 5.400,00, dagsettur 21.12. 1986. Seldur í veitingastaðnum Ölveri, Álfheimum 74, Reykjavík.

10) Tékki nr. 88, að fjárhæð kr. 13.100,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í skartgripaverslun P. & R. Heide, Álfheimum 74, Reykjavík.

11) Tékki nr. 84, að fjárhæð kr. 14.200,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í versluninni Miklagarði við Holtaveg í Reykjavík.

12) Tékki nr. 81, að fjárhæð kr. 13.800,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í versluninni Sportlífi, Eiðistorgi, Seltjarnarnesi.

13) Tékki nr. 80, að fjárhæð kr. 12.500,00, dagsettur 23.12. 1986. Seldur í versluninni Radióröst, Dalshrauni 13, Hafnarfirði.

14) Tékki nr. 116, að fjárhæð kr. 6.200,00, dagsettur 28.12. 1986. Seldur á einni af bensinstöðvum Olís hf., Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

1. Ákærði hefur viðurkennt að hafa brotist inn í Ísafoldarprentsmiðju og stolið þar 3.500,00 krónum. Hefur ákærði með þessu orðið sannur að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærði hefur viðurkennt að hafa brotist inn á Laufásvegi 74 og stolið þar 700 þýskum mörkum og nokkurri fúlgu af öðrum erlendum gjaldeyri, jafnvirði 2 - 3000,00 króna, kveikjara, úri og þremur tékkheftum. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Trygging hf. hefur krafist þess að ákærði greiði 53.780,00 krónur í skaðabætur vegna innbrotsins og hefur ákærði samþykkt það. Ber að dæma ákærða til þess að greiða kröfu félagsins.

3. Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út þá tékka sem raktir eru í 3. tl. I. kafla ákærunnar, ýmist í eigin nafni eða með skjalafalsi. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákærunni.

Með útgáfu og notkun tékka nr. 1, 3 og 6-10 hefur ákærði orðið sekur um fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga en tékka nr. 2, 4, 5 og 11 hefur hann orðið sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Eftirtaldir aðilar hafa gert þær kröfur á hendur ákærða, að hann greiði höfuðstól tékkanna ásamt dómvöxtum frá sýningardegi þeirra, 29. desember 1986, til greiðsludags, nema annað sé tekið fram:

Söluturninn, Njálsgötu 23, 2.000,00 krónur.

Söluturninn, Hverfisgötu 74, 1.000,00 krónur.

Flugleiðir hf., 1.200,00 krónur ásamt dómvöxtum frá útgáfudegi, 25. desember.

Hótel Borg, 5.018,00 krónur.

Olíufélagið hf., 3.000,00 krónur.

Verslunin Herjólfur, 2.000,00 krónur.

Mikligarður sf., 2.000,00 krónur.

Gaukur á Stöng, 3.000,00 krónur.

Hagkaup, 3.000,00 krónur.

Flugleiðir hf., 3.750,00 krónur ásamt dómvöxtum frá útgáfudegi 27. desember.

Ákærði hefur samþykkt kröfur þessar.

Ber að taka kröfur þessar til greina og dæma ákærða til þess að greiða þær, þó þannig að vextir af kröfum Flugleiða hf. reiknist frá 5. janúar 1987 og 29. desember 1986.

4. Ákærði hefur viðurkennt að hafa í félagi við Y falsað og reynt að nota og notað í viðskiptum þá 6 tékka sem ákært er fyrir í II. kafla ákærunnar. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákærunni. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þessir hafa gert fébótakröfur á hendur ákærða vegna tékkanna:

Iðnaðarbankinn, Flugleiðir, verslunin Párið, verslunin Amaro og gullsmíðastofan Skart.

Þar sem ákærði og Y eiga óskipta sakaraðild um bótaþátt málsins ber samkvæmt 46. gr. laganna um meðferð einkamála í héraði nr. 85, 1936, að vísa kröfum þessum frá dómi.

5. Ákærði hefur viðurkennt að hafa í félagi við X falsað og notað í lögskiptum þá 14 tékka sem ákært er fyrir í III. kafla ákærunnar. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákærunni. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þessir hafa gert fébótakröfu á hendur ákærða vegna tékkanna: Iðnaðarbanki Íslands hf., Ólíufélagið hf., Flugleiðir hf., Nesti hf., Fjarðarkaup hf., Blómahöllin hf., Blómabúðin Dögg, Ölver, Úra- og skartgripaverslun P. & R. Heide, Mikligarður sf., Sportlíf hf., Radióröst og Ólíuverslun Íslands hf.

Með vísan til þess sem áður sagði um sakaraðild ákærða að bótaþætti málsins ber að vísa þessum kröfum frá dómi.

Viðurlög o.fl.

Ákærði hefur til þessa hlotið 7 refsíðóma fyrir hegningarlagabrot, síðast 8 mánaða fangelsi 31. desember 1986 fyrir rán og þjófnað. Refsing ákærða nú verður því hegningarauki við þann dóm og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Frá refsivistinni ber að draga gæsluvarðhald ákærða frá kl. 17:00 30. desember 1986 til kl. 17:00 3. febrúar 1987.

Dæma ber ákærða til þess að greiða eftirtöldum aðilum skaðabætur ásamt dómvöxtum frá 29. desember 1986 og almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 14. apríl 1987 til greiðsludags, nema þar sem annað er tekið fram:

Söluturninum, Njálsgötu 23, 2.000,00 krónur.

Söluturninum, Hverfisgötu 74, 1.000,00 krónur.

Flugleiðum hf., 4.950,00 krónur með vöxtum af 3.750,00 krónum frá 29. desember 1986 en af 1200,00 krónum frá 5. janúar 1987.

Hótel Borg, 5.018,00 krónur.

Oliufélaginu hf., 3.000,00 krónur.

Versluninni Herjólf, 2.000,00 krónur.

Miklagarði sf., 2.000,0 krónur.

Gauki á Stöng, 3.000,00 krónur.

Hagkaupum, 3.000,00 krónur.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Agnar Víðir Bragason, sæti fangelsi í 8 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 17:00 30. desember 1986 til jafnlengdar 3. febrúar 1987.

Ákærði greiði skaðabætur ásamt dómvöxtum og almennum vöxtum frá 29. desember 1986 til greiðsludags, nema þar sem annað er tekið fram:

Söluturninum, Njálsgötu 23, 2.000,00 krónur.

Söluturninum, Hverfisgötu 74, 1.000,00 krónur.

Flugleiðum hf., 4.950,00 krónur, þar af 1.200,00 krónur með vöxtum frá 5. janúar 1987.

Hótel Borg, 5.018,00 krónur.

Oliufélaginu hf., 3.000,00 krónur.

Versluninni Herjólf, 2.000,00 krónur.

Gauki á Stöng, 3.000,00 krónur.

Hagkaupum, 3.000,00 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.